

**Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 29. júní 2017 - R17040185**

<b>Málsnr.</b>	<b>Erindi:</b>	<b>Afgreiðsla:</b>
R17030049	Tillögur velferðarsviðs um áfangaskipta uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum, dags. 26.6.'17.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar
R17060171	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skipaður verði starfshópur sem geri úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum, dags. 22.6.'17.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R17060168	Beiðni Lyfjastofnunar um umsögn vegna nýs lyfsöluleyfis, dags. 20.6.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R16110010	Ítrekun íbúa við Ofanleiti varðandi viðgerð á grindverki við Listabraut-Ofanleiti.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17020176	Beiðni SFS vegna viðauka við fjárhagsáætlun vegna alþjóðadeildar við Landakotsskóla, ódags.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R15060076	Stöðuskýrsla um árangur aðgerðaáætlunar vegna innleiðingar SAP, dags. 24.6.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.





Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

217030049

Reykjavík, 26. júní 2017  
VEL2017020024  
7.2

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
Reykjavík

***Tillögur sviðsstjóra, dags. 22. júní 2017, um áfangaskipta uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk fyrir árin 2018-2030, ásamt greinargerð.***

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 voru lagðar fram tillögur sviðsstjóra, dags. 22. júní 2017, um áfangaskipta uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk fyrir árin 2018-2030, ásamt greinargerð.

**Tillaga 1:** Áfangi I, 2018-2020, alls 81-91 íbúð. Kostnaðarmat er 463 m.kr. Áfangi I felur ekki í sér kostnaðarauka á árinu 2018 en gera þarf ráð fyrir 253 m.kr. á árinu 2019 og 195 m.kr. á árinu 2020.

**Tillaga 2:** Áfangi II, 2021-2025, alls 42-50 íbúðir. Kostnaðarmat er 574 m.kr.

**Tillaga 3:** Áfangi III, 2026-2030, alls 35-43 íbúðir. Kostnaðarmat er 532 m.kr.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

  
Berglind Magnúsdóttir  
skrifstofustjóri





Lagt fyrir fund velferðarráðs þann 22. júní 2017

GoPro nr. 2017020024

## Tillögur

Lagt er til að velferðarráð samþykkti eftirfarandi tillögur um áfangaskipta uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk árin 2018-2030.

Alls gera tillögurnar ráð fyrir 78 íbúðum í íbúðakjörnum fyrir einstaklinga með þroskahömlun og geðfötlun. Einnig er lagt til að 44 félagslegum leiguíbúðum verði ráðstafað fyrir einstaklinga í sjálfstæðri búsetu með viðeigandi stuðningi en þeir eru á biðlista eftir búsetu í flokki I. Jafnframt er lagt til að ráðstafað verði 36-60 félagslegum leiguíbúðum í „út frá kjarna þjónustu“. Gert er ráð fyrir að umræddar leiguíbúðir séu hluti af þegar samþykktari áætlun um kaup á félagslegu leiguhúsnæði.

Heildarkostnaðarmat tillagnanna hljóðar upp á 1.569 m.kr. á verðlagi 1. janúar 2017. Um er að ræða rekstrarkostnað (leiga, starfsmannahald o.fl.) og stofnkostnað. Byggingarkostnaður og/eða kostnaður vegna kaupa á húsnæði er ekki innifalinn.

**Tillaga 1:** Áfangi I, 2018-2020, alls 81-91 íbúð. Kostnaðarmat er 463 m.kr. Áfangi I felur ekki í sér kostnaðarauka á árinu 2018 en gera þarf ráð fyrir 253 m.kr. á árinu 2019 og 195 m.kr. á árinu 2020.

**Tillaga 2:** Áfangi II, 2021-2025, alls 42-50 íbúðir. Kostnaðarmat er 574 m.kr.

**Tillaga 3:** Áfangi III, 2026-2030, alls 35-43 íbúðir. Kostnaðarmat er 532 m.kr.

Samtals er því um að ræða 158-182 íbúðir fyrir fatlað fólk. Þessar íbúðir koma til viðbótar þeim 24 íbúðum sem þegar hefur verið samþykkt að byggja skv. fimm ára uppbyggingaráætlun, samþykkt í velferðar- og borgarráði í apríl 2014 og með breytingum í desember 2014. Auk þess viðbótaráætlun um þrjá nýja íbúðakjarna, þar af einn til bráðabirgða. Samþykkt í velferðar- og borgarráði í apríl árið 2016. Um er að ræða Austurbrún, Kambavað, Smiðjuholt og íbúðakjarna fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Gert er ráð fyrir framlagi úr Jöfnunarsjóði til að mæta kostnaði vegna reksturs.

---

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Skrifstofa: Þjónustu heim  
Deild: Húsnæðis- og búsetu  
Vinnsla: Ólafía M. Hinriksdóttir  
Ábyrgðarmenn: Jóna Guðný Eyjólfsdóttir  
Dags. 21. júní 2017  
GoPro nr. VEL2017020024

Lagt fyrir fund velferðarráðs þann 22. júní 2017

## **Greinargerð með tillögum um uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk**



## Efnisyfirlit

Forsaga.....	3
Tillögur um uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða.....	3
Kostnaðarmat.....	5
Greinargerð.....	8
Fjöldi umsækjenda á biðlista.....	8
Skilgreiningar á þjónustuumfangi.....	8
Staðsetning nýrra húsnæðisúrræða.....	9
Forsendur rekstraráætlunar.....	11





## Forsaga

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða var upphaflega lögð fram á 306. fundi velferðarráðs þann 2. mars 2017. Tillaga að uppbyggingaráætlun er nú lögð fram til samþykktar.

Auk meðfylgjandi tillagna verður unnið eftir samþykkt frá 310. fundi velferðarráðs þann 18. maí 2017 um að velferðarsviði verði falið að vinna áfangaskipta áætlun til næstu 10 ára um niðurlagningu herbergjasambýla í Reykjavík ásamt kostnaðarmati. Einnig er unnið að byggingu 24 nýrra íbúða fyrir fatlað fólk skv. fyrri samþykktum.

## Tillögur um uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk í Reykjavík

Lagðar eru fram þrjár tillögur um áfangaskipta uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk árin 2018-2030. Tillögurnar byggja á núverandi biðlistum velferðarsviðs, nýgengi og brottfalli. Alls gera tillögurnar ráð fyrir 78 rýmum í íbúðakjörnum, 44 félagslegum leiguíbúðum fyrir sjálfstæða búsetu með viðeigandi stuðningi og 36–60 félagslegum leiguíbúðum.

### Tillaga 1 — Áfangi I (2018–2020)

Íbúðir með viðeigandi stuðningi	Þjónustupörf Flokkur I	2019	44
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga m. geðfötlun	Þjónustupörf Flokkur III	2019	6–7
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustupörf Flokkur I	2019	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustupörf Flokkur II	2020	6
Stuðningur, þjálfun og kennsla fyrir einstaklinga m. þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustupörf Flokkur I-II	2020	6–8*
Félagslegar leiguíbúðir	Þjónustupörf Flokkur I-II	2020	12–20
<b>Samtals fjöldi rýma</b>			<b>81–91</b>

\*Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 6 rýmum.



Tillaga 2 — Áfangi II (2021–2025)

Íbúðakjarni fyrir einstaklinga m. þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustubörf Flokkur II	2021	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustubörf Flokkur II	2022	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun	Þjónustubörf Flokkur II-III	2023	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustubörf Flokkur III	2024	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustubörf Flokkur I	2025	6
Félagslegar leiguíbúðir	Þjónustubörf Flokkur I-II	2021–2025	12–20
<b>Samtals fjöldi rýma</b>			<b>42–50</b>

Tillaga 3 — Áfangi III (2026–2030)

Íbúðakjarni fyrir einstaklinga m. geðfötlun	Þjónustubörf Flokkur I-II	2026	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun og í vímuefnaneyslu	Þjónustubörf Flokkur III	2027	6
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir	Þjónustubörf Flokkur III-IV	2027	5
Íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun	Þjónustubörf Flokkur III	2029	6
Félagslegar leiguíbúðir	Þjónustubörf Flokkur I-II	2026–2030	12–20
<b>Samtals fjöldi rýma</b>			<b>35–43</b>

## Kostnaðarmat á tillögum um uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk

Skrifstofa fjármála og rekstrar hefur unnið neðangreint kostnaðarlíkan byggt á mönnunarþörf sem tekur mið af útfærslu á grunnmönnun í sértækum húsnæðisúrræðum. Grunnmönnun húsnæðisúrræða er skilgreind sem sú mönnun sem þarf að vera til staðar innan húsnæðisúrræðis til að tryggja öryggismörk í þjónustunni að því gefnu að allir íbúar séu heima, auk þess tekur líkanið mið að þörfum væntra íbúa.

Hver íbúðakjarni er síðan nánar skilgreindur miðað við metnar þjónustuþarfir íbúa. Hér að neðan er stutt lýsing á hverjum kjarna fyrir sig, sem jafnframt skýrir mun á kostnaði fyrir hvern kjarna.

<b>Íbúðakjarni A</b> – þroskahömlun í þjónustuflokki I með sólarhringsþjónustu fyrsta ár í rekstri.
<b>Íbúðakjarni B</b> – þroskahömlun í þjónustuflokki I með þjónustu til miðnættis alla daga ársins.
<b>Íbúðakjarni C</b> – þroskahömlun í þjónustuflokki II með sólarhringsþjónustu.
<b>Íbúðakjarni D</b> – þroskahömlun í þjónustuflokki III með sólarhringsþjónustu.
<b>Íbúðakjarni E</b> – blandaðar fatlanir og hegðunarerfiðleikar í þjónustuflokki III með sólarhringsþjónustu og að starfsmenn íbúðakjarnans fylgi íbúum í dag- og virkniþjónustu.
<b>Íbúðakjarni F</b> – geðfötlun í þjónustuflokki III með sólarhringsþjónustu.
<b>Íbúðakjarni G</b> – geðfötlun og vímuefnaneysla í þjónustuflokki III með sólarhringsþjónustu.
<b>Út frá kjarna H</b> – sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðningi án næturþjónustu.

Tafla 1

Kostnaðar- líkan	Íbúðakjarnar - þjónustuflokkur	Fjöldi rýma	Rekstrar kostnaður	Kostnaður á rými	Stöðugildi á rými
A	Þroskahömlun I	6	83.000	13.833	1,13
B	Þroskahömlun I	6	69.000	11.500	0,90
C	Þroskahömlun II	6	112.000	18.667	1,63
D	Þroskahömlun III	6	180.000	30.000	2,73
E	Þroskahömlun III	5	245.000	49.000	4,88
F	Geðfötlun III	7	72.000	10.286	0,94
G	Geðfötlun III	6	131.000	21.833	1,83
H	Stuðningur út frá kjarna	44	98.000	2.227	0,23

Kostnaðarlíkan í Töflu 1 er í þús. króna og miðast við launa- og verðlagsforsendur þann 1. janúar 2017. Til viðbótar er gert ráð fyrir stofnkostnaði að fjárhæð 3 m.kr. fyrir hvern íbúðakjarna. Fram kemur áætlaður árlegur rekstrarkostnaður fyrir hverja tegund einingar, kostnaður á rými og loks fjöldi stöðugilda á hvert rými. Við mat á rekstrarkostnaði var notast við mönnunarlíkan og vaktaplan útfært af fagskrifstofu. Launakostnaður nemur að meðaltali 88% af rekstrarkostnaði og því mikilvægt að kostnaðaráætlun endurspegli raunhæf mönnunarlíkon.

Uppbyggingaráætlun um sértæk húsnæðisúrræði fyrir árin 2018–2030 er skipt niður í þrjú áfanga. Auk íbúðakjarna er gert ráð fyrir að í hverjum áfanga verði 12–20 félagslegum leiguíbúðum bætt við fyrir þjónustuflokka I-II sem dreifist jafnt innan tímabils hvers áfanga. Þjónusta við íbúa í félagslegum



leiguíbúðum verður í formi almennrar stuðningsþjónustu og er ekki kostnaðarmetin sérstaklega í þessu líkani.

Tafla 2

Áfangi I (2018 - 2020)	Kostn. líkan	Fjöldi rýma	2018	2019	2020
Sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðning	H	44		98.000	
Íbúðakjarni III geðfötlun	F	7		72.000	
Íbúðakjarni I þroskahömlun	A	6		83.000	
Íbúðakjarni II þroskahömlun	C	6			112.000
Áfangahéimilil-II þroskahömlun	A	6			83.000
Félagslegar leiguíbúðir I-II	*	12-20	Dreifist yfir fjögurra ára tímabil - stuðningsþjónusta		
<b>Samtals:</b>	<b>448.000</b>	<b>81-89</b>		<b>253.000</b>	<b>195.000</b>

Tafla 3

Áfangi II (2021 - 2025)	Kostn. líkan	Fjöldi rýma	2021	2022	2023	2024	2025
Íbúðakjarni II þroskahömlun	C	6	112.000				
Íbúðakjarni II þroskahömlun	C	6		112.000			
Íbúðakjarni III geðfötlun	F	6			72.000		
Íbúðakjarni III þroskahömlun	D	6				180.000	
Íbúðakjarni I þroskahömlun	A	6					83.000
Félagslegar leiguíbúðir I-II	*	12-20	Dreifist yfir fimm ára tímabil - stuðningsþjónusta				
<b>Samtals:</b>	<b>559.000</b>	<b>42-50</b>	<b>112.000</b>	<b>112.000</b>	<b>72.000</b>	<b>180.000</b>	<b>83.000</b>

Tafla 4

Áfangi III (2026 - 2030)	Kostn. líkan	Fjöldi rýma	2026	2027	2028	2029	2030
Íbúðakjarni III geðfötlun	F	6	72.000				
Íbúðakjarni III geðfötlun og vímuefni	G	6		131.000			
Íbúðakjarni III þroskahömlun	E	5		245.000			
Íbúðakjarni III geðfötlun	F	6				72.000	
Félagslegar leiguíbúðir I-II	*	12-20	Dreifist yfir fimm ára tímabil - stuðningsþjónusta				
<b>Samtals:</b>	<b>520.000</b>	<b>35-43</b>	<b>72.000</b>	<b>376.000</b>	<b>0</b>	<b>72.000</b>	<b>0</b>

Í Töflu 5 hér að neðan má sjá að árlegur rekstrarkostnaður við áfanga 1–3 að meðtöldum stofnkostnaði er áætlaður 1.569 m.kr. á verðlagi 1. janúar 2017. Byggingarkostnaður og/eða kostnaður vegna kaupa á húsnæði er ekki innifalinn.

Um er að ræða alls 78 rými í íbúðakjarna, auk 44 rýma í sjálfstæðri búsetu með viðeigandi stuðningi og loks er gert ráð fyrir 36-60 félagslegum leiguíbúðum, sem dreifðust jafnt innan tímabilsins, en stuðningur við íbúa þeirra er ekki inn í þessu kostnaðarmati.



Tafla 5

Samantekt	Rekstrarkostnaður á ári	Stofn kostnaður	Samtals
Áfangi I 2018-2020	448.000	15.000	463.000
Áfangi II 2021-2025	559.000	15.000	574.000
Áfangi III 2026-2030	520.000	12.000	532.000
	<b>1.527.000</b>	<b>42.000</b>	<b>1.569.000</b>

## Greinargerð

*Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir sértæk húsnæðisúrræði skv. reglugerð 370/2016. Áætlunin miðast við tímabilið 2018–2030.*

Stefna Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki. Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar nær þannig utan um húsnæðisþarfir allra borgarbúa, óháð eignarformi, stærð og gæðum húsnæðis. Borgarbúar þurfa að geta eignast og/eða leigt húsnæði eftir þörfum hverju sinni.

Borgarráð hefur einnig samþykkt að á nýjum íbúðasvæðum verði haft að leiðarljósi að tryggja fjölbreytileika, gæði, félagslega blöndun, listsköpun og góða nýtingu á landi og innviðum.

Sértæk húsnæðisúrræði eru íbúðarhúsnæði sem gerð hafa verið aðgengileg fyrir tiltekna notkun eða skilgreind sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Slík húsnæðisúrræði þurfa að vera í öllum hverfum borgarinnar þar sem uppbygging mun eiga sér stað og taka skal mið af margbreytileika í íbúðasamsetningu en sú hugmyndafræði byggir á kenningum um félagsauð og gildi hans í samfélögum.

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum sem samþykkt var í velferðarráði þann 3. apríl 2014 og í borgarstjórn þann 15. apríl 2014 markar vegferð borgarinnar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum fyrir árin 2013–2023. Stefnan byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og á sér skírskotun í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í stefnunni segir meðal annars:

„Fatlað fólk skal hafa val um húsnæði til jafns við aðra. Nægjanlegt framboð skal vera af sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk sem Reykjavíkurborg ber ábyrgð á. Mæta þarf þörfum fatlaðs fólks varðandi leiguhúsnæði af hálfu borgarinnar, þeim sem á þurfa að halda og velja slíkt húsnæði. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á uppbyggingu húsnæðis sem mætir sértækum þörfum fólks vegna fötlunar þeirra. Sérstaklega verður metið hvort kostur sé að borgin bjóði upp á húsnæði sem ætlað er til skemmri tíma fyrir ungt, fatlað fólk sem er í námi eða að flytja í fyrsta sinn úr foreldrahúsum“.

Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum

Þann 1. janúar 2017 var 161 einstaklingur á bið eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, þar af voru 46 einstaklingar með geðfötlun og 115 með þroskahömlun og skyldar raskanir. Auk nýrra umsókna biðu 27 einstaklingar eftir milliflutningi úr einu sértæku húsnæðisúrræði í annað.



Fjölgun hefur orðið á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir eftir yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga en haustið 2010 voru alls 50 einstaklingar á biðlista hjá Svæðisskrifstofu Reykjavíkur. Fjölgunin er mest meðal umsækjenda með litlar þjónustuparfir.

Sértæk húsnæðisúrræði skilgreind eftir þjónustuumfangi

Árið 2012 skilaði starfshópur skýrslu vegna mats á þjónustupörfum notenda í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir. Hópurinn lagði til að skilgreindir yrðu ákveðnir þjónustuflokkar út frá þjónustuumfangi notenda og hefur sú tillaga verið yfirfærð yfir á notendur í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir geðfatlaða einstaklinga. Tillagan hljóðaði upp á alls þrjá þjónustuflokka; flokk I, II og III.

Flokkur	Þjónustuumfang	Skilgreining
<b>Flokkur I</b>	Lítið – íbúar metnir með litlar þjónustuparfir	Skert færni sem háir athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin undir meðallagi, dagleg aðstoð og eftirlit. Þarf að jafnaði ekki næturvakt eða öryggis-næturvakt.
<b>Flokkur II</b>	Meðal – íbúar metnir með meðal þjónustuparfir	Mikil skerðing á hæfni og færni. Þarf stuðning við athafnir dagslegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin í meðallagi, dagleg umsjón og stuðningur. Þarf reglulegt innlit að næturlagi.
<b>Flokkur III</b>	Mikið – íbúar metnir með miklar þjónustuparfir	Mjög mikil skerðing, þarf stöðugt eftirlit og stuðning við athafnir daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er mikil. Þarf stöðuga umönnun á næturnar (t.d. vegna sondu, krampa o.þ.h.).

Í skýrslu starfshóps um útfærslu á grunnmönnun húsnæðisúrræða eftir þjónustuþyngd og notkun dálkaframsetningar í launaáætlunum árið 2016 var bætt við einum þjónustuflokki, flokki IV í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Flokkur IV er skilgreindur þannig: Mikið þjónustuumfang, mjög mikil skerðing, þarf öflugt eftirlit og stöðugan stuðning við allar athafnir daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er mikil allan sólarhringinn.

Skýrslan var kynnt í velferðarráði þann 1. september 2016 og tekið er mið af tillögum starfshópsins við gerð þessarar áætlunar.

Staðsetning nýrra húsnæðisúrræða

Í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á félagslega blöndun og því er gert ráð fyrir uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða á flestum nýjum uppbyggingarsvæðum. Húsnæðis- og búsetudeild hefur gert áætlun um staðsetningu nýrra heimila með hliðsjón af húsnæðisáætlun en hafa þarf fyrirvara í áætluninni vegna skipulagsmála og ljóst er að tilfærslur þurfa að geta átt sér stað þar sem svæðin munu byggjast upp á ólíkum tímabilum. Velferðarsvið mun forgangsraða nýbyggingum út frá áfangaskiptri áætlun, sbr. framangreindar tillögur.



Velferðarsvið hefur staðsett á bilinu 123–126 rými í sértækum húsnæðisúrræðum skv. húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar og aðalskipulagi fyrir árin 2010–2030. Um er að ræða sérhannaða íbúðakjarna, íbúðakjarna í almennu fjölbýli og félagslegar leiguíbúðir/út frá kjarna þjónustu. Auk þessara 123–126 heimila vinnur velferðarsvið að tveimur sérverkefnum í samvinnu við ríkið og er þeirra ekki getið hér þar sem verkefnin verða fjármögnuð með öðrum hætti. Enn fremur er athygli vakin á því að hér er ekki tekið tillit til mögulegra flutninga á eldri íbúðakjörnum eða annarri starfsemi velferðarsviðs í nýtt húsnæði.

#### Spöng

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Áfangaheimili	6
Þroskahömlun	Út frá kjarna/Utankjarna I	4

#### Nauthólsvegur HR

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur III	6

#### Skerjafjörður

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur I	6
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur II	6
Geðfötlun	Þjónustuflokkur III	6
Geðfötlun/Þroskahömlun	Út frá kjarna/Utankjarna	10

#### Vogabyggð

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur IV	6
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur I - II	2 x 6
Þroskahömlun	Út frá kjarna/Utankjarna	8–10

#### Suður-Mjódd

Fötlun	Gerð	Rými
Geðfötlun	Þjónustuflokkur II	6

#### Vesturbugt

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur I	6
Þroskahömlun	Út frá kjarna/Utankjarna	4

### Bryggjuhverfi

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur II	6

### Kirkjusandur

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur IV	5–6
Þroskahömlun/Geðfötlun	Út frá kjarna/Utankjarna	4

\*Mögulegt samstarf með Þroskahjálp

### Landhelgisgæslureitur

Fötlun	Gerð	Rými
Geðfötlun	Þjónustuflokkur III	6
Geðfötlun	Út frá kjarna/Utankjarna	4

### Keilugrandi

Fötlun	Gerð	Rými
Geðfötlun	Þjónustuflokkur II	6

### Keldur

Fötlun	Gerð	Rými
Þroskahömlun	Þjónustuflokkur II	6

Forsendur rekstraráætlunar fyrir íbúðakjarna

Árið 2016 var starfandi starfshópur um útfærslu á grunnmönnun húsnæðisúrræða eftir þjónustubýngd og notkun dálkaframsetningar í launaáætlun eins og áður kom fram. Tilgangur starfshópsins var að meta og ákvarða grunnmönnun fyrir hvert húsnæðisúrræði m.v. þjónustubýngd I-IV og að meta og koma til móts við sérstakar mönnunarþarfir vegna íbúasamsetningar þar sem við á. Að auki var starfshópnum ætlað að tryggja jafnræði í starfsmannahaldi og þar með þjónustu við íbúa í sértækum húsnæðisúrræðum. Tekið er mið af tillögum starfshópsins í útreikningum á kostnaði.

Starfshópurinn lagði til að hugtakið grunnmönnun yrði skilgreint sem sú mönnun sem þarf að vera til staðar innan húsnæðisúrræðis til að tryggja öryggismörk í þjónustunni að því gefnu að allir íbúar séu heima. Lagt var til að grunnmönnun yrði skipulögð með eftirfarandi hætti:

#### Grunnmönnun í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir

**Þjónustuflokkur I:** Einn starfsmaður á vakt fyrir hverja fjóra íbúa, engin næturvakt. Í þessum flokki eru eftirtalin heimili; Bröndukvísl, Skipholt, Ránargata, Einarsnes, Hátún, Starengi og Skúlagata. Á Skúlagötu er næturvakt og þarfnast það fyrirkomulag endurskoðunar.

**Þjónustuflokkur II:** Að jafnaði einn og hálfur starfsmaður á vakt fyrir hverja fjóra íbúa en tveir á álagstímum á vökutíma auk næturvaktar. Í þessum flokki eru eftirtalin heimili; Vesturbrún, Fannafold, Sporhamrar, Hólaberg, Stigahlíð, Grundarland og Njálsgata.

**Þjónustuflokkur III:** Tveir og hálfur starfsmaður á vakt fyrir hverja fjóra íbúa á vökutíma auk næturvaktar. Í þessum flokki eru eftirtalin heimili; Viðarrimi, Mýrarás, Bleikargróf, Vættaborgir, Vallengi, Skagasel, Rangársel, Hlaðbær, Þorlaksgeisli (eldri kjarninn), Tindasel, Hólmasund, Sólheimar, Stigahlíð, Mururimi og Kleppsvegur. Heimili fyrir börn að Móvaði og Þingvaði eru einnig í





Þjónustuflokki III en vegna sérstöðu þeirra er ekki fjallað um þau með hliðsjón af grunnmönnum í þessari greinargerð.

Þjónustuflokkur IV: Að lágmarki einn starfsmaður á vakt fyrir hvern íbúa á vökutíma. Gert er ráð fyrir tveimur starfsmönnum á næturvakt til að tryggja öryggi íbúa og starfsmanna. Heimili í þessum flokki eru Barðastaðir, Byggðarendi, Jöklael og Þorláksgeisli (nýi kjarninn).

Eins og áður segir er grunnmönnum skilgreind sem sú mönnun sem þarf að vera til staðar innan húsnæðisúrræðis til að tryggja öryggismörk í þjónustunni að því gefnu að allir íbúar séu heima. Í grunnmönnum er ekki gert ráð fyrir sérþörfum íbúa eða sérstökum aðstæðum á heimilum, s.s. vegna veikinda íbúa og/eða starfsmanna, húsnæðis og þess háttar. Dálkaframsetning í fjárhagsáætlunargerð er í þróun til að fanga þarfir umfram grunnmönnum og til að skilgreina áhrifaþætti s.s. utankjarnaþjónustu og stjórnunarþátt. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að setja þar fram færri starfsmenn en grunnmönnum gerir ráð fyrir til dæmis á þeim tímum sólarhrings þegar margir íbúar eru að heiman s.s. í dagþjónustu.

Starfshópurinn mat það svo að endurskoða þurfi skilgreiningu á þjónustuumfangi nokkurra heimila en það eru m.a. Hólmasund, Sólheimar og Vættaborgir þar sem hjúkrunar- og umönnunarþarfir eru svo miklar að mönnun þarf að vera sambærileg þjónustuflokki IV en stjórnun getur tekið mið af þjónustuflokki III.

Einnig taldi hópurinn að endurskoða þurfi skilgreiningu á þjónustuumfangi fyrir Kleppsveg og Rangársel sem eru núna í flokki III auk Hátúns sem er í flokki I.

Allar sérþarfir og óvenjulegar aðstæður þarf að skoða sérstaklega og er dálkaframsetningin í þróun til að fanga þessa þætti.

#### Sértæk húsnæðisúrræði fyrir geðfatlaða

Sama skilgreining á grunnmönnum er notuð í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir geðfatlaða einstaklinga.

Þjónustuflokkur I: 0,8 starfsmaður á vakt fyrir hverja 4 íbúa, engin næturvakt. Starfsmaður þarf að hafa viðveru á ákveðnum tímum dags og vera til taks fyrir íbúa ef á þarf að halda. Heimili í þessum flokki eru Lindargata (báðir kjarnarnir) og Skarphéðingsgata. Bergþórugata var áður í þessum flokki en þjónustar út frá kjarna.

Þjónustuflokkur II: 1,5 starfsmaður á vakt fyrir hverja 4 íbúa á vökutíma, engin næturvakt. Heimili í þessum flokki eru Starengi, Austurbrún, Sléttuvegur, Hverfisgata og annar kjarninn í Bríetartúni.

Þjónustuflokkur III: 2 starfsmenn á vakt fyrir hverja 4 íbúa á vökutíma auk næturvaktar. Heimili í þessum flokki eru Flókagata, Dalbraut, Bríetartún, Hraunbær, Þórðarsveigur og Miklabraut. Að auki fellur búsetuendurhæfing fyrir geðfatlaða að Gunnarsbraut og Sóleyjargötu í þennan flokk.

Við ákvörðun grunnmönnum er ekki tekið tillit til sveiflukenndra þjónustubarfa en breytingar á þjónustubörfum geta verið tíðar hjá geðfötlum einstaklingum og mun tíðari en hjá fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir. Eitt af markmiðunum með útfærslu á grunnmönnum og dálkaframsetningu er að hægt verði að grípa fyrir inn með hækkun eða lækun fjárheimilda, eftir því sem við á, ef upp koma aðstæður sem bregðast þarf við.



Starfshópurinn telur að endurskoða þurfi einnig skilgreiningu þjónustuumfangs á heimilum fyrir geðfatlaða einstaklinga á sama hátt og á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir. Þannig er það mat fulltrúa starfshópsins að færa þurfi heimilin að Hverfisgötu og Starengi í þjónustuflokk III.

#### Gerð uppbyggingaráætlunar sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk

Sumarið 2016 voru tengiliðir (ráðgjafar) á þjónustumiðstöðum við úthlutunarteymi sértækra húsnæðisúrræða beðnir um að greina sérstaklega alla umsækjendur á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga. Niðurstöður þeirrar vinnu má sjá hér að neðan.

#### Sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðningi

Sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðningi felur í sér að einstaklingur býr í íbúð í einu af hverfum Reykjavíkurborgar og fær þann stuðning sem hann þarf til að lifa og búa sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.

Á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum eru 44 einstaklingar sem taldir eru geta búið sjálfstætt með stuðningi skv. faglegu mati ráðgjafa.

#### Skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Þjónustumiðstöð	Þroskahömlun	Geðfötlun
ÞÁG	3	2
ÞB	3	4
ÞGK	11	0
ÞLH	6	4
ÞVMH	4	7
Samtals	27	17

Haft var samráð við forstöðumenn sem veita þjónustu út frá kjarna hjá velferðarsviði, bæði á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun og geðfötlun til að fá raunverulegt mat á fjölda klukkustunda sem einstaklingar með sambærilega þjónustu eru að fá. Niðurstaðan var sú að meðaltali má gera ráð fyrir að einstaklingar með þessar þjónustuþarfir þurfi að fá stuðning í um 4–16 klukkustundir á viku. Gera þarf ráð fyrir að stuðningurinn verði sveiflukenndur og eflaust meiri í byrjun en síðar yrði. Lykilatriði er að stuðningurinn falli aldrei niður s.s. vegna mannekle eða veikinda starfsfólks.

Til þess að hægt sé að veita heildstæðan stuðning til sjálfstæðs lífs þar sem aðstoð og þjónusta á heimili einstaklingsins er á hans forsendum, byggð á óskum hans og ákvörðunum eins og frekast er unnt, þá þarf að vera ákveðinn ábyrgðaraðili á þjónustunni. Farið var af stað með þá hugmynd að stofna eitt þjónustuteymi sem myndi sinna allri þjónustunni við þessa 44 einstaklinga víðs vegar um Reykjavík og rekstur þess og mönnun yrði með sambærilegum hætti og einn íbúðakjarni í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Þegar tillagan var kynnt fyrir framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva, töldu þeir hins vegar farsælla að þjónustan yrði hverfabundin og óskuðu eftir því að hver þjónustumiðstöð gæti útfært fyrirkomulagið eftir því sem best hentaði í hverju hverfi. Þjónustan væri þá ýmist veitt sem þjónusta út frá kjarna eða frá sérstöku teymi innan þjónustumiðstöðvarinnar. Þessi leið gæti einnig gefist vel en þá er mikilvægt að skýr kröfulýsing liggja fyrir áður en verkefnið fer af stað. Mönnunarlíkanið sem þjónustumiðstöðvarnar munu styðjast við þarf að vera sveigjanlegt og geta tekið breytingum út frá þeim stuðningsþörfum sem einstaklingarnir hafa hverju sinni. Svigrúm þarf að vera til faglegrar vinnu og utanumhalds og því



má áætla að með hverju stöðugildi fagmanns þurfi fjórar til sex klukkustundir á viku í undirbúning. Síðast en ekki síst þarf að vera skilgreindur ábyrgðaraðili fyrir þjónustunni. Sé talin þörf á sérstöku farartæki, þarf einnig að gera ráð fyrir slíkum kostnaði sem gæti verið um 900 þúsund krónur á ári ef miðað er við kostnað annarra starfseininga sviðsins.

#### Stuðningur, þjálfun og kennsla

Stuðningur, þjálfun og kennsla er áfangaheimili/tímabundin búseta í eitt til þrjú ár fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Markmiðið er að vinna að þjálfun og stuðningi við íbúa og auka hæfni þeirra til sjálfstæðrar búsetu með hliðsjón af einstaklingsbundinni getu.

Í ársbyrjun 2017 eru níu einstaklingar að bíða eftir áfangaheimili með það að markmiði að fara síðar í sjálfstæða búsetu með viðeigandi stuðningi.

Í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir áfangaheimili í Spönginni og rekstraráætlunin miðast við íbúðakjarna í þjónustuflokki I fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Árið 2017 rekur velferðarsvið Reykjavíkurborgar þrjú áfangaheimili, þar af tvö herbergjasambýli fyrir einstaklinga með geðfötlun og einn íbúðakjarna fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Í heildina eru það 23 rými, 17 rými fyrir geðfatlaða einstaklinga og 6 rými fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir. Til þess að viðhalda markmiðum áfangaheimila verður að vera til staðar þjónustukeðja sem gerir einstaklingum kleift að fara í sjálfstæða búsetu með viðeigandi stuðningi eða þjónustu út frá kjarna að loknum stuðningi, kennslu og þjálfun. Því þarf að gera ráð fyrir að Félagsbústaðir kaupir árlega þrjár til fimm íbúðir sem eru sérstaklega merktar í það verkefni að styðja við sjálfstæða búsetu einstaklinga sem búa á áfangaheimilum.

#### Íbúðakjarnar

Íbúðakjarnar eru íbúðir fatlaðs fólks, nokkrar saman í húsi. Í sumum íbúðakjörnum er sameiginlegt rými sem samanstendur af stofu, eldhúsi, þvottahúsi og geymslu en í öðrum íbúðakjörnum er ekkert sameiginlegt rými annað en starfsmannaaðstaða.

Samkvæmt mati ráðgjafa eru 12 einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir í flokki I sem þurfa á íbúðakjarna að halda.

#### Þjónustuflokkur I

Fötlun	Fjöldi
Þroskahömlun*	12
Geðfötlun	0

\*Í upphafi þyrfti að vera til staðar næturvakt sem væri svo hægt að taka af.

Gert er ráð fyrir íbúðakjarna í þjónustuflokki I fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir í Vogabyggð, Vesturbugt og Skerjafirði auk þess sem eitt heimilið er ennþá óstaðsett. Gert er ráð fyrir sex rýmum á hverjum stað svo að í heildina er um að ræða 24 rými. Þessi rými eru talin ná að mæta þeirri þörf sem er fyrir hendi og nýgengni til ársins 2030.



### Þjónustuflokkur II

Fötlun	Fjöldi
Þroskahömlun	21
Geðfötlun*	10**

\*Ekki er gert ráð fyrir næturvakt í þjónustuflokki II hjá geðfötluðum einstaklingum.

\*\*Þar af eru tveir að bíða eftir tvígreiningakjarna.

Gert er ráð fyrir að í Vogabyggð, Skerjafirði, Keldum og Bryggjuhverfi rísi íbúðakjarnar í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Gert er ráð yfir að hver kjarni verði með sex rýmum þannig að heildarfjöldi rýma verði 24. Auk þess er gert ráð fyrir íbúðakjarna í flokki II fyrir einstaklinga með geðfötlun að Keilugranda og Suður-Mjódd; alls 12 rými. Þessi rými eru talin ná að mæta þeim einstaklingum sem eru á biðlista í flokki II en fylgjast þarf með nýgengni til ársins 2030 og endurskoða áætlunina ef þörf krefur.

### Þjónustuflokkur III - IV

Fötlun	Fjöldi
Þroskahömlun - blandaðar fatlanir / hegðunarerfiðleikar *	9
Þroskahömlun - fjölfötlun / umönnun	6

\*Einhverfa er inni í þessari tölu.

Gert er ráð fyrir íbúðakjörnum í þjónustuflokki III og IV fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í Vogabyggð, Nauthólsvegi og Kirkjusandi. Áætlunin gerir ráð fyrir fimm til sex íbúðum í hverjum kjarna í flokki III en í flokki IV að hámarki fimm rýmum. Í heildina verður um að ræða 15–18 rými. Uppbyggingaráætlunin nær að koma til móts við umsækjendur á biðlista og nýgengni til ársins 2030 að því gefnu að nýr íbúðakjarni, sem samþykkt var að opna í velferðar- og borgarráði í apríl 2016 verði kominn í notkun fyrir árið 2020.

Fötlun	Fjöldi
Geðfötlun - þurfa stuðning 24 tíma sólarhrings	11*

\*Þar af eru þrír sem þurfa úrræði þar sem vímuefnaneysla er leyfð.

Í áætluninni er gert ráð fyrir íbúðakjörnum í þjónustuflokki III fyrir einstaklinga með geðfötlun á Landhelgisgæslureitnum og í Skerjafirði. Hins vegar verður sá möguleiki einnig skoðaður að staðsetja þessa íbúðakjarna í sérstigagangi í almennu fjölbýlishúsi því að reynslan af því er góð. Hvor íbúðakjarni verður með sex rýmum þannig að í heildina verða 12 rými. Áætlunin nær að koma til móts við þá umsækjendur sem eru á biðlista en fylgjast þarf með nýgengni og endurskoða áætlun ef þörf krefur á tímabilinu.

### Sérsviðin úrræði

Átta einstaklingar eru á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir og þurfa sérsniðnar lausnir. Ekki hefur verið tekið saman með nákvæmum hætti hvers konar lausnir henta fyrir hópinn en þar á meðal eru t.a.m. úrræði sem þurfa að vera staðsett fjarri höfuðborgarsvæðinu. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að leysa málefni þessara einstaklinga í fjárhagsáætlun velferðarsviðs.

Kostnaður við þjónustu vegna þessara einstaklinga er sveiflukennður og mikilvægt er að tengja kostnaðinn við SIS-matið og mat á auka stuðningsþörfum sé það fyrir hendi.

***BORGARRÁÐ 22.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skipaður verði starfshópur sem geri úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum - R17060171***

Framsókn og flugvallarvinir gera tillögu um að borgarstjóri skipi starfshóp sem hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum. Úttektin skal ná yfir tímabilið 1. júní 2014 upphaf kjörtímabilsins til 1. júní 2017 og gera stöðusamantekt miðaða við 1. júní, 2014, 2015, 2016 og 2017. Hópurinn skal skila niðurstöðum sínum og tillögum að leiðum til úrbóta eigi síðar en 1. október 2017.





**Lyfjastofnun**

Icelandic Medicines Agency

Borgarstjórn Reykjavíkur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Málsnr: *217060168*  
Skjalasafn Ráðhúss  
21. júní 2017  
Bréfalýkill: *2424*

Reykjavík, 20.6.2017

Tilvísun: 7.1.4 / Málsnúmer: 2017060208

**Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis**

Lyfjastofnun barst 19. júní sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Laugavegi 46, 101 Reykjavík.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 11. júlí nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

*Brynhildur Briem*

Brynhildur Briem





Notandi: "Reynir Jóhannesson" <reynir.johannesson@rsk.is>  
Dagsetning: 22.6.2017 18:17:45  
Til: "Ráðhús skjalasafn" <radhus@reykjavik.is>  
Efni: Erindi húsfélaga við Ofanleiti 3-5, 7-9 og 19-21

---

Til þess er málið varðar.

Í lok **október 2016** sendum við bréf til borgarráðs sem varðaði grindverk meðfram Listabraut. Enn þann dag í dag hefur ekkert svar borist. Okkur er verulega farið að lengja eftir svari/afgreiðslu borgarinnar. Það getur ekki talist góð stjórnsýsla að það taki 8 mánuði að svara bréfum. Með von um skjót viðbrögð.

F.h. húsfélaganna

Kveðja / Regards  
Reynir Jóhannesson  
Ofanleiti 19





## Beiðni vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2017

Til: Borgarstjóra

Frá: \_Skóla og frístundasvið

Nr. máls\*: \_\_\_\_\_

Nr. viðauka\*: \_\_\_\_\_

\*(fyllist út af skrifstofu borgarstjórnar)

### Efni: Tillaga um \_Rekstur alþjóðadeildar við Landakotsskóla

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata auk þess greinargerð Landakotsskóla um framgang tilraunaverkefnisins alþjóðleg deild í Landakotsskóla, dags. í apríl 2017, minnisblað sviðsstjóra, dags. 30. maí 2017 varðandi rekstur alþjóðadeildar við Landakotsskóla, þjónustusamningur við Landakotsskóla, dags. 20. október 2015 og viðaukar við þjónustusamning, dags. 19. janúar 2016 og 17. febrúar 2017:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veitt verði heimild fyrir stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 70 nemendur. Fyrirvari er gerður um að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti viðurkenningu til samræmis við 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 234 í stað 189 frá upphafi skólaárs 2017 -2018. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi sé í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2016060089

Samþykkt og vísað til borgarráðs.



Tillagan felur í sér að fjárheimildir sviðsins árið 2017 hækki/lækki um 27.826.110 kr.

Tillagan felur í sér skuldbindingu til framtíðar sem þýðir að árlegur kostnaður hækkar/lækkar um 62.199.450 kr.

Tillagan felur ekki í sér skuldbindingu til framtíðar.

Breytingin hefur áhrif á eftirfarandi kostnaðarstaði:

Kostn.st. \_M2301\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

Kostn.st. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

.....

Eftirtalin gögn eru meðfylgjandi:

- Erindi sviðsstjóra til borgarráðs (þar sem fram kemur afgreiðsla fagráðs)
- Tillaga fagsviðs ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun og áhrifum á fjárheimildir
- Jafnréttismat
- Umsögn fjármálaskrifstofu um jafnréttismat
- Aðrar umsagnir: frá \_\_\_\_\_
- Önnur gögn: \_\_\_\_\_

[undirskrift]

[nafn]

[titill]

*Höskí Guðni*  
*sviðsstjóri SVB*



**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veitt verði heimild fyrir stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 70 nemendur. Fyrirvari er gerður um að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti viðurkenningu til samræmis við 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 234 í stað 189 frá upphafi skólaárs 2017 -2018. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi sé í almenna hlutaskólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda.

**Greinargerð:**

Vísað er til greinargerðar Landakotsskóla og umsóknar, dags. í apríl 2017, um framgang tilraunaverkefnis um alþjóðadeild í Landakotsskóla auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. maí 2017.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

11.

Reykjavík, 30. maí 2017  
SFS2016060089  
120. fundur / fskj. 2/7  
HG/gst/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Rekstur alþjóðlegrar deildar við Landakotsskóla***

**I forsaga málsins**

Í bréfi til skóla- og frístundaráðs, dags. 12. maí 2015, óskaði skólastjóri Landakotsskóla eftir því að skólinn fengi heimild til að þróa námsframboð sitt og bjóða upp á nám á ensku í samræmi við alþjóðlega staðla haustið 2015. Deildin var talin mæta aukinni þörf fyrir námstilboð á ensku fyrir stækkandi hóp barna erlenda starfsmanna hjá íslenskum og erlendum fyrirtækjum auk barna starfsmanna við erlend sendiráð hér á landi. Skólinn hafði þá þegar fengið umsóknir frá foreldrum 20 barna sem óskuðu eftir slíkri deild við Landakotsskóla. Upphafleg umsókn gerði ráð fyrir 24 nemendum við deildina í þrískiptum aldurshópum. Skólinn hafði áform um að sækja um undanþágu frá því að kenna eftir aðalnámskrá grunnskóla eins og kveðið er á um í kafla 16.4 í aðalnámskránni. Skólinn lagði fram drög að viðmiðunarstundaskrá og gerði grein fyrir í hverju frávík frá aðalnámskrá yrðu fólgin ásamt því að greina frá því á hvern hátt námið í alþjóðlegri deild yrði samtvinnað hefðbundnu starfi skólans. Í umsókn kom einnig fram að unnið yrði að uppbyggingu alþjóðlegrar námskrár innan skólans og sótt um alþjóðlega vottun í kjölfarið. Skólinn hafði skoðað nokkra möguleika til vottunar og þegar sótt um vottun hjá Cambridge International Examinations sem er hluti af háskólanum í Cambridge (<http://www.cie.org.uk/>) en um 10.000 skólar í 160 löndum starfa eftir þeirri námskrá.

Á 80. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 3. júní 2015 var samþykkt að heimila Landakotsskóla að hefja tveggja ára tilraunaverkefni um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við skólann fyrir allt að 24 nemendur, þar af 13 reykvíska nemendur, og var sviðsstjóra falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans á þeim forsendum.

**II Greinargerð Landakotsskóla um starfsemina og athugun skóla- og frístundasviðs**

Skólastjóri Landakotsskóla skilaði skóla- og frístundasviði greinargerð um framgang tilraunaverkefnisins í byrjun maí sl. Þar óskaði skólastjórinn eftir því að rekstri alþjóðadeildarinnar við skólann væri fram haldið og að skólinn fái endanlegt leyfi frá Reykjavíkurborg til að halda áfram rekstri deildarinnar. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir hvernig starfið í deildinni hefur þróast og hvernig aðsókn hefur aukist. Haustið 2017 er t.a.m. gert ráð fyrir að heildarfjöldi í alþjóðadeildinni verði allt að 67 nemendur. Deildin starfar nú

eftir alþjóðlegri námskrá Cambridge International Examinations (CIE) og hefur hlotið vottun þeirrar stofnunar. Í greinargerðinni er fjallað um hvernig samstarf alþjóðadeildar og almenna hluta skólans hefur þróast á þeim tveimur skólaárum sem deildin hefur starfað. Jafnframt kemur fram að nemendur í alþjóðadeild ljúka IGSE prófi (International General Certificate of Secondary Education) og geta hafið IB-nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð að loknu námi í alþjóðadeild Landakotsskóla. Enn fremur er fjallað um ávinning skólans af starfi alþjóðadeildarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttari nemendahópi, aukinni frönskukennslu við skólann, nemendur í almennum bekkjardeildum geta sótt krefjandi enskunám í alþjóðadeild, val á unglingsstigi hefur aukist sem skiptir lítinn skóla miklu máli, kennarar í hlutastarfi hafa fengið aukið starfshlutfall, frístund hefur eflst þar sem bæði nemendur í almenna hluta og alþjóðadeild una við leik og starf, félagsstarf á miðstigi hefur aukist og skólastarfið í heild er öflugra og fjölbreyttara.. Foreldraráð alþjóðadeildarinnar hefur unnið náið með foreldraráði almennu bekkjardeildanna, ráðin skipulagt saman viðburði, staðið fyrir fjáröflun og verið til samráðs um inntak og skipulag skólustarfsins, eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Í greinargerðinni er sérstaklega dregið saman hvernig tilraunaverkefnið hefur verið metið jafn óðum í skólustarfinu og hvernig brugðist hefur verið við formlegu og óformlegu mati. Á haustmíssi 2015 var t.a.m. matsfundur meðal kennara og starfsfólks þar sem farið var yfir ávinning af starfsemi alþjóðadeildarinnar og hvað mætti betur fara. Í kjölfar þess fundar voru gerðar breytingar á list- og verkgreinastofum, útbúin náttúrufræðistofa og sérkennsluver endurskipulagt ásamt því að skerpa á skólareglum og þýða þær á ensku. Á kennarafundum hefur verið fjallað um framgang verkefnisins og haldnir nokkrir fundir með fulltrúum foreldra í alþjóðadeildinni, m.a. til að ákveða hvaða námskrá yrði lögð til grundvallar í starfi deildarinnar. Christine Brown, starfsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, sem hefur það verkefni að styðja við alþjóðlegt nám sem starfsmenn sendiráða nýta víða um heim, heimsótti skólann og gaf starfinu sín bestu meðmæli. Vorið 2016 var gerð könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í þeim greinum þar sem nemendur alþjóðadeildar og almenna hluta skólans sóttu saman. Niðurstaðan benti til þess að viðhorf nemenda var neikvæðara til þess að kenna bæði á íslensku og ensku í ákveðnum greinum og var því ákveðið að aðskilja þá hópa haustið 2016 en halda áfram með þá hópa þar sem vel hafði gengið, s.s. í sundi, dansi og íþróttum.

Cambridge háskólinn gerði formlega úttekt á starfinu í apríl/maí 2016. Kallað var eftir margvíslegum gögnum fyrir matsheimsóknina, fundað var með foreldrum, stjórnarmönnum, skólastjóra, kennurum, deildarstjóra og nemendum. Niðurstaðan var sú að skólinn stóðst allar kröfur samtakanna nema hvað varðaði geymslu skriflegra lokaprófa sem þarf að vera tilbúin áður en fyrstu skriflegu lokaprófin verða væntanlega vorið 2018. Einnig þurfti skólinn að koma upp sérstakri raungreinastofu sem uppfyllti ákveðin skilyrði og ráða kennara til kennslu raungreina í 9. – 10. bekk sem lokið hefði BS-prófi í raungreinum. Var það skilyrði uppfyllt í júní 2016.

Haustið 2016 voru haldnir fundir með fulltrúum nokkurra sendiráða til að ræða framgang verkefnisins þar sem í ljós kom almenn ánægja meðal starfsfólks sendiráðanna. Von er á fleiri börnum sendiráðsstarfsmanna á næstunni sem bendir til þess að starfið hafi spurst vel út meðal þessara aðila.

Námsárangur nemenda hefur verið mældur með fjórum stöðluðum prófum:

- *MAP (Measure of Academic Progress)* metur stöðu í lestri, málnotkun og ritun auk raungreina og stærðfræði og hefur verið lagt fyrir alla 5 – 15 ára nemendur frá vori 2016. Nemendur í 7. – 10. bekk í almenna hluta skólans og alþjóðadeildinni hafa tekið MAP (Measure of Academic Progress) til að meta framfarir og stöðu þeirra í lesskilningi, ritun og málfræði, stærðfræði og náttúrufræði og til að bera stöðu þeirra

saman við jafnaldra þeirra víða um heim og voru nokkrir þeirra með 5% hæstu í sínum hópi á heimsvísu.

- *Cambridge Progression* prófin eru samin af Cambridge háskóla og lögð fyrir alla nemendur á aldrinum 5 – 14 ára að vori til að meta stöðu í stærðfræði, lestri og vísindum. Þessi próf voru í fyrsta sinn lögð fyrir nemendur í Landakotsskóla vorið 2017. Kennarar skólans fara yfir niðurstöður en fylgja úrlausnum frá Cambridge.
- *Cambridge Checkpoint* próf eru lögð fyrir nemendur þegar þeir fara á milli námsstiga eða í 5. bekk og í lok 8. bekkjar. Niðurstöður eru sendar til Cambridge til yfirferðar.
- *Cambridge IGCSE* er lög fyrir í öllum námsgreinum sem nemandinn hefur lagt stund á udangengin tvö ár og eru niðurstöður sendar til Cambridge til yfirferðar. Enn hefur enginn nemandi Landakotsskóla þreytt þessi próf en gert er ráð fyrir að þau verði í fyrsta sinn lögð fyrir vorið 2018.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar hefur reglulega metið framgang verkefnisins, farið yfir kostnað í tengslum við verkefnið og önnur mál sem tengjast starfi alþjóðadeildarinnar. Stofnkostnaður var nokkur en deildin stendur nú undir sér eins og aðrir þættir skólastarfsins að sögn skólastjóra Landakotsskóla.

Af ofangreindu má vera ljóst að mjög vel hefur verið staðið að starfi og rekstri alþjóðadeildar við Landakotsskóla þessi tvö skólaár sem deildin hefur verið starfrækt sem tilraunaverkefni. Stjórnendur skólans hafa borið metnað til að þróa starfið áfram í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur skólans. Niðurstöður vottunar sem CIE stóð fyrir vorið 2016 bendir einnig til þess að vel hafi verið staðið að stofnun deildarinnar og þróun starfsins. Námsárangur nemenda virðist vera sambærilegur við jafnaldra í öðrum deildum um víða veröld og standast samanburð við sambærilegar deildir annars staðar. Nemendur sem útskrifast úr alþjóðadeild Landakotsskóla geta sótt um skólavist í IB-deild Menntaskólans við Hamrahlíð sem tryggir þeim áframhaldandi nám á ensku hér á landi. Aðsókn að deildinni hefur aukist jafnt og þétt og hróður hennar borist víða um alþjóðasamfélagið hér á landi. Að sögn skólastjóra Landakotsskóla sækja öll börn núverandi sendiráðsstarfsmanna hér á landi nú alþjóðadeild skólans.

Starfsmenn á skrifstofu SFS fóru í tengslum við ofangreinda umsókn í matsheimsókn í Landakotsskólann í vikunni 22. – 26. maí sl. til að kanna líðan nemenda, fylgjast með námi og kennslu ásamt því að skoða innra skipulag skólans. Markmiðið var einnig að koma með ábendingar til stjórnenda skólans um leiðir til framfara. Skoðuð voru gögn, s.s. skólanámskrá og starfsáætlun skólans, námsmat alþjóðadeildarinnar, greinargerð um starf alþjóðadeildarinnar, heimasíða skólans og ýmis gögn sem afhent voru að beiðni matsaðila. Auk þess var gagna aflað með athugunum í kennslustundum og viðtali við skólastjóra. Hluti viðmiða um gæðastarf í skólastarfi, um stjórnun og nám og kennslu, voru m.a. notuð til að leggja mat á skólastarfið. Niðurstaða matsins var sú að almennt væri skólinn aðlaðandi og vistlegur. Nemendum virðist líða vel og samskipti almennt góð. Þar sem alþjóðadeildin er hluti af Landakotsskóla sem á sér langa sögu er skólahaldið almennt í fóstum skorðum. Þó eru ýmis tækifæri til að gera betur, s.s. að endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun og birta á heimasíðu, uppfæra náms- og kennsluáætlanir almenna hluta skólans og birta á heimasíðu, setja tengla á heimasíðu sem vísa á Cambridge námskrána og upplýsingar fyrir foreldra, birta náms- og kennsluáætlanir á ensku og íslensku í öllum greinum sem Cambridge námskráin tekur ekki á, endurskoða skólareglur og kynna þær árlega fyrir nemendum, kanna á hverju ári líðan og viðhorf nemenda alþjóðadeildarinnar og afla leyfisbréfa og/eða undanþágu fyrir þá kennara sem ekki hafa vottun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Skrifstofa SFS telur sig því geta mælt með því að gengið verði til samninga við stjórnendur Landakotsskóla um áframhaldandi starfsemi alþjóðadeildarinnar við skólann og henni tryggður rekstrargrundvöllur í framtíðinni. Með því að fjölga nemendum við skólann er hægt að bjóða upp á fjölbreyttara skólastarf og auka valmöguleika nemenda í námi. Nemendur í almennum bekkjardeildum sem hafa búið í ensku málumhverfi geta sótt krefjandi enskunám við hæfi í alþjóðadeildinni. Frístundastarf og félagsstarf hefur eflst þar sem báðir málhópar nýta frístundaheimilið og hægt hefur verið að bjóða upp á fjölbreyttara félagsstarf á mið- og unglingastigi. Þessir þættir geta allir orðið til þess að auka valmöguleika foreldra af erlendum uppruna varðandi skólavist barna sinna og gera þeim auðveldara að setjast hér að tímabundið eða til framtíðar.

### III Fjárframlög Reykjavíkurborgar til Landakotsskóla

Þjónustusamningur um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrarnir eiga heimili í Reykjavík var undirritaður 20. október 2015. Þar er kveðið á um að heimilt sé að greiða framlag vegna 158 reykvískra nemenda. Viðauki við þann samning var síðan undirritaður 19. janúar 2016 sem kvað á um að Landakotsskóla væri heimilt að starfrækja alþjóðadeild fyrir allt að 45 nemendur og að skóla- og frístundasviði væri heimilt að greiða framlag vegna 171 reykvískra nemenda þann tíma sem viðaukinn gildir óháð því hvort viðkomandi nemendur væru skráðir í almenna hluta skólans eða alþjóðadeildina. Gildistíma viðaukans lýkur 31. maí 2017 og verður þá einnig greidd út síðasta greiðsla til Landakotsskóla á forsendum viðauka sem samþykktur var í tengslum við alþjóðadeildina. Með samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 og borgarráðs þann 22. desember 2016 var heimilað að greiða framlag vegna 7 nemenda til viðbótar frá 1. janúar 2017 og með 20 nemendur til viðbótar frá upphafi skólaársins 2017 – 2018. Auk þess var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. mars 2017 og í borgarráði þann 30. mars 2017 að heimilt yrði að greiða framlag vegna fjögurra barna til viðbótar frá 1. apríl 2017. Frestað var afgreiðslu umsóknar um að heimilt verði að greiða framlag vegna 20 reykvískra nemenda frá upphafi skólaárs 2017 – 2018 og umsóknar um að greitt verði framlag vegna fleiri fimm ára barna en nú er. Með vísan til framangreinds er heimilt að greiða framlag vegna 189 reykvískra barna frá upphafi skólaársins 2017 – 2018.

Í greinargerð Landakotsskóla kemur fram að í vetur verða um 260 nemendur við skólann en ef allar bekkjardeildir væru fullsetnar gæti fjöldi nemenda verið allt að 332, þar af gætu að hámarki verið 90 nemendur í alþjóðadeildinni. Til að mæta óskum foreldra um skólasókn barna þeirra við Landakotsskóla þurfi að fjölga þeim nemendum sem skólinn fær greidd framlög vegna frá Reykjavíkurborg um a.m.k. 32 nemendur fyrir næsta vetur. Til að fullnýta húsnæði skólans telur skólastjóri Landakotsskóla að lyfta þyrfti þaki þjónustusamnings um 92 nemendur. Fram kemur að ekki er þörf á að auka fjölda nemenda í leikskóladeild en sótt hefur verið um skólavist fyrir 20 nemendur með lögheimili í Reykjavík en þjónustusamningur vegna leikskóladeildar gerir ráð fyrir 22 nemendum.

Með vísan til framangreinds er litið svo á að Landakotsskóli fari fram á að í tengslum við viðurkenningu alþjóðadeildar við Landakotsskóla samþykki Reykjavíkurborg að greiða framlag vegna 32 nemenda að viðbættum 13 nemendum sem greitt hefur verið framlag vegna í alþjóðadeild sem þróunarskóla eða samtals vegna 45 reykvískra nemenda.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu

Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Sk. 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla skal útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.382.210.- Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Heildargreiðslur vegna 45 reykvískra nemendur til viðbótar til Landakotsskóla, 45 x 1.382.210, verða því kr. 62.199.450 á ársgrundvelli miðað við að greitt sé 75% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði. Ef miðað er við 70% af áætluðum rekstrarkostnaði er um að ræða kr. 58.052.835.-

Ef miðað er við að breyting á verðlagi leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 45 reykvískra nemenda verði kr. 27.826.110 á árinu 2017 miðað við 75% en 25.970.985 miðað við 70%.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum frá því sem nú er til Landakotsskóla í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.

1.2

## Niðurstöður Jafnréttismats

SFS:

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð: 27.826.110

<b>I. Hver er tillagan?</b> Rekstur alþjóðadeildar við Landakotsskóla												
<b>II. Hvert er markmiðið með tillögunni?</b> Að mæta aukinni þörf fyrir námstilboð á ensku fyrir stækkandi hóp barna erlendra starfsmanna við erlend sendiráð hér á landi.												
<b>III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa?</b>  <b>Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta.</b>  Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: <ul style="list-style-type: none"><li>▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna? - Jöfn</li><li>▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna? – Erlend börn</li><li>▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif? Bætt þjónusta</li><li>▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum? Jöfn</li><li>▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja? Sama upphæð óháð kyni.</li><li>▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa? Jafnt</li><li>▪ Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar? Nei</li></ul>												
<b>IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)</b>												
<table border="0"><tr><td><input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði</td><td><input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa</td><td><input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu</td></tr><tr><td><input type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu</td><td><input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfraði</td><td><input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms</td></tr><tr><td><input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa</td><td><input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum</td><td><input checked="" type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa</td></tr><tr><td><input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð</td><td><input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun</td><td></td></tr></table>	<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu	<input type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfraði	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms	<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input checked="" type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun	
<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu										
<input type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfraði	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms										
<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input checked="" type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa										
<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun											
<b>V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?</b>												



Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á að **jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangsröðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

<ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti kynjanna</li><li><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa</li><li><input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna</li><li><input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa</li><li><input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti kynja</li><li><input checked="" type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa</li></ul>	Rökstuðningur:
---	----------------





2

Reykjavík, xx.xx 2017

R-xxxxxxx

1210

XX/xx

## Beiðni vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2017

Til: Borgarstjóra

Frá: Skóla og frístundasvið

Nr. máls\*: \_\_\_\_\_

Nr. viðauka\*: \_\_\_\_\_

\*(fyllist út af skrifstofu borgarstjórnar)

**Efni: Tillaga um auknar fjárheimildir vegna viðmiða um hámarksfjölda Reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er frmlag vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018**

Sjá meðfylgjandi greinargerð

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillagan felur í sér að fjárheimildir sviðsins árið 2017 hækki/lækki um 12.439.890 kr.

Tillagan felur í sér skuldbindingu til framtíðar sem þýðir að árlegur kostnaður hækkar/lækkar um 26.261.990 kr.

Tillagan felur ekki í sér skuldbindingu til framtíðar.

Breytingin hefur áhrif á eftirfarandi kostnaðarstaði:

Kostn.st. M2303 ofl. kr. \_\_\_\_\_

Kostn.st. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

.....

Eftirtalin gögn eru meðfylgjandi:

Erindi sviðsstjóra til borgarráðs (þar sem fram kemur afgreiðsla fagráðs)

Tillaga fagsviðs ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun og áhrifum á fjárheimildir

Jafnréttismat

Umsögn fjármálaskrifstofu um jafnréttismat

Aðrar umsagnir: frá \_\_\_\_\_

Önnur gögn: \_\_\_\_\_

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson

Sviðsstjóri SFS







2.1.

Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á **að jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangsröðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

# Niðurstöður Jafnréttismats

Skóla og frístundasvið

Nafn ábyrgðaraðila:

Helgi Grímsson

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð:

<b>I. Hver er tillagan?</b> Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018		
<b>II. Hvert er markmiðið með tillögunni?</b> Sjá greinargerð		
<b>III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa?</b> Jöfn		
<b>Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta.</b> Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: <ul style="list-style-type: none"><li>▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna? Jöfn</li><li>▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna? E/V</li><li>▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif? E/V</li><li>▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum? E/V</li><li>▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja? Jafnt</li><li>▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa? E/V</li><li>▪ Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar? Nei</li></ul>		
<b>IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)</b>		
<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun	

V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?	
<ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti kynjanna</li><li><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa</li><li><input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna</li><li><input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa</li><li><input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti kynja</li><li><input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa</li></ul>	Rökstuðningur:



2.2

## Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

## Breytingar:

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afsláttir einstæðra af leikskólalagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.
- Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afsláttir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.
4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.
- 6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.
4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.
5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a. tekur gildi 1. apríl 2011.
2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.
2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.
2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.
- Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.
3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfelld í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.
2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.
- Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólalagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 1.mgr. gr. 2.a er áreittað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.
- Í 2. mgr. gr. 2.a er áreittað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólalátt fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fösturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.
4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.
3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.
- Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.
- Í gr. 6. d er áreittað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.
5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.
5. mgr. í gr. 6.b. varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.
6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.
8. mgr. 6. gr. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015
- Gr. 6.e. varðandi afslátt starfsmanna í launalausau leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalausau leyfi á grunvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.
- 1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.
- Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.



## Bréf

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018.**

Lagt er til að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til samræmis við eftirfarandi:

***International School of Iceland í Garðabæ:***

Skólaárið 2016-17 stunda 10 reykvískir nemendur nám í skólanum. Mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum 12 nemendur skólaárið 2014-15. Núverandi viðmið um hámarksfjölda er 13 nemendur, en skólinn óskar eftir að viðmið um hámarksfjölda verði hækkað í 20 nemendur. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði árið 2017-2018 20 reykvískir nemendur.

***Waldorfskólinn Lækjarbotnum:***

Skólaárið 2016-17 stunda 52 reykvískir nemendur nám í skólanum, sem er mesti fjöldi nemenda á sl. 10 árum. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 54. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna verði óbreytt skólaárið 2017-18, eða 54 reykvískir nemendur.

***Barnaskóli Hjallastefnunnar:***

Skólaárið 2016-17 stundar 1 reykvískur nemandi nám við skólann. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 18. Mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum er 16 nemendur skólaárið 2013-14. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði lækkað úr 18 í 10 nemendur skólaárið 2017-18. Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur ekki andmælt því að viðmið verði lækkað.

2.2

### **Grunnskólinn NÚ, Framsýn:**

Skólaárið 2016-17 stunda 5 reykvískir nemendur nám í skólanum sem er fyrsta rekstrarár skólans. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 5 en skólinn óskar eftir að viðmið um hámarksfjölda verði hækkað í 15 nemendur. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði 15 nemendur.

### **Fyrirvarar og gildistími:**

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2017 til 2018 eða til 1. júlí 2018 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

### **Greinargerð:**

Á 97. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2016 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 25. apríl 2016, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um mestan fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og í Tálknafirði auk fyrirvara. Þann 11. ágúst 2016 samþykkti borgarráð erindið með þeirri breytingu að viðmið um hámarksfjölda gilda ekki um grunnskólann á Tálknafirði með vísan til niðurstöðu í umsögn borgarlögmans. Skóla- og frístundasviði var falið að útfæra endanleg gögn miðað við þá breytingu. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2017 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. október 2016 og í borgarráði þann 3. nóvember 2016 voru samþykkt viðmið um hámarksfjölda nemenda í NÚ.

Þann 4. apríl sl. sendi skóla- og frístundasvið skólunum fjórum bréf þar sem tilkynnt var að fyrirhugað væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að viðmið um hámarksfjölda nemenda héldist óbreytt að því undanskyldu að viðmið um hámarksfjölda nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar yrði lækkað úr 18 nemendum í 10 nemendur. Var skólunum veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum vegna þessa. Í athugasemdum skólanna kom fram að International School of Iceland óskar eftir hækkun viðmiðs vegna næsta skólaárs í 20 nemendur þar sem nú þegar hafi 16 reykvískir nemendur óskað eftir námsvist næsta vetur og Grunnskólinn NÚ óskar eftir hækkun viðmiðs í 15 nemendur. Ekki bárust athugasemdir frá Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Með bréfi, dags. 5. maí sl., var skólunum tilkynnt um að ákveðið hafi verið að fara þess á leit við sveitarfélög sem hafa eftirlitsskyldu með þeim að þau veiti umsögn þar sem fram komi upplýsingar um starfsemi viðkomandi skóla ásamt upplýsingum um hvort farið hafi fram ytra mat á þeim. Vísað er til meðfylgjandi umsagna skólaskrifstofu Garðabæjar vegna International School of Iceland, dags. 24. maí 2017, Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 24. maí 2017 og skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, dags. 27. maí 2017 vegna Grunnskólans NÚ og skólaskrifstofu Kópavogs, dags. 30. maí 2017 vegna Waldorfskólans Lækjarbotnum.

Í 43. gr. a - f laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalögum skv. erlendingu eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012 eða reglugerð nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðipjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla en þar kemur fram að útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.382.210.-

Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.





2.2

SFS2016040020  
120. fundur / fskj. 1.1

Fylgiskjal við minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2017, varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018.

Upplýsingar um kostnað:

Á ársgrundvelli	nú	nú	nú	verði	verði	verði
International Scholl of Iceland Garðabær	12	1.382.210	16.586.520	20	1.382.210	27.644.200
Waldorf í lækjarbotnu	52	1.382.210	71.874.920	54	1.382.210	74.639.340
Hjallastefnan	16	1.382.210	22.115.360	10	1.382.210	13.822.100
Nú - framsýn				15	1.382.210	20.733.150
			110.576.800			136.838.790

✓ ✓  
26.261.990

AARI

2017:

12.439.890.-

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.



## STÖÐUSKÝRSLA UM ÁRANGUR AÐGERÐAÁÆTLUNAR vegna innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP

Fjármálaskrifstofa kynnti á fundi borgarráðs 9. mars sl. aðgerðaáætlun vegna innleiðingar á mannauðs- og launakerfi SAP frá Applicon. Óskað var eftir fjárheimildum til að bæta við mannafla í kerfisstjórn og launavinnslu, tillaga var um að efla þjónustu við notendur eftir ábyrgðarhlutverkum, þá var áformað að setja upp þjónustuborð til að auka skilvirkni í meðferð ábendinga og þjónustubeiðna og að lokum gerð tillaga um samráðsvettvang með fagsviðum borgarinnar til að halda betur utan um breytingastjórnunina í þessu innleiðingarverkefni.

Höfuðvandinn í innleiðingunni er og hefur allan tímann verið mannauðs- og launakerfið sjálft eins og betur verður rakið hér að neðan. Af þeim sökum var ákveðið að UTD myndi taka við beinni umsjón með samskiptum við Applicon og setja sérstakan verkefnisstjóra í verkefnið og var gengið frá því í maí sl.

Verður þá vikið að framgangi einstakra atriða í aðgerðaáætluninni:

### 1. Efla kerfisstjórn – Bæta við 1-2 stöðugildum

#### Verkefni 1: Bæta skýrslur og upplýsingagjöf til stjórnenda.

Lausn Applicon (AC) er ófullnægjandi hvað varðar að vinna upplýsingar og skýrslur upp úr kerfinu. Einungis hægt að vinna með einn mánuð og eitt svið í einu. Ef AC getur ekki uppfyllt kröfur borgarinnar (kaupanda), þarf að skoða aðrar leiðir til að ná fram gögnum s.s. frá Vöruhúsi eða QlikSense. Kerfismaður hjá borginni þarf að koma að þeirri vinnu og a.m.k. tímabundið þarf kerfismann til að vinna skýrslur „handvirkt“.

#### Verkefni 2: Villur og bilanagreining.

Villutíðni er óásættanleg. Villur að koma upp í kerfishlutum sem hafa áður staðist prófanir og þá reynst í lagi. Þjónustustig hjá AC er lægra en hjá fyrri þjónustuaðila. Til að tryggja að villur séu leystar með fullnægjandi hætti þarf ítarlega greiningu og víðtækar prófanir hjá kerfismanni hjá borginni.

Ágreiningur kemur upp reglulega við AC um hvort villa sé innan eða utan samnings sem AC telur sig eiga að fá greitt fyrir sem sérfræðivinnu. Kerfismaður hjá borginni þarf að yfirfara til að hægt sé að leggja mat á kostnað vegna sérfræðivinnu.

#### Verkefni 3: Gagnayfirferð og gagnahreinsun

Þörf er á gagnayfirferð og gagnahreinsun í kjölfar innleiðingar. Breytingar á kerfislegri uppsetningu á innleiðingartíma kalla á ítarlega yfirferð til að tryggja gagnagæði og fyrirbyggja villur.

#### Verkefni 4: Aðgangsstýringar



Innleiðing aðgangsstýringa var ekki inn í upphaflegum samningi en viðauki gerður um afmörkuð hlutverk.

**Þörf er á ítarlegri aðgangsstýringum** og kaupa þarf frekari þjónustu vegna þeirra. Til að lágmarka keypta þjónustu og tryggja að lausn henti þörfum Reykjavíkur þarf kerfismaður hjá borginni að afla sér þekkingar á lausn.

Viðhald aðgangsstýringa er þyngra en í eldra kerfi.

#### **Verkefni 4: Ný virkni**

Notendur hafa verið að kalla eftir nýrri og aukinni virkni sem er ekki hluti af samningi við AC.

Til að tryggja fullnægjandi lausnir og lágmarka aðkeypta þjónustu er æskilegast að kerfismenn Reykjavíkur afli sér nauðsynlegrar þekkingar. SAP námskeið.

#### Staða verkefna 1-4:

- ✓ Með tilkomu nýs verkefnastjóra frá UTD í maí sl. var fráfarandi verkefnastjóri ráðinn í kerfisstjórn verkefnisins og þannig tryggt að sú þekking og reynsla haldist í verkefninu.
- ✓ Nýr starfsmaður hóf störf í kerfisstjórn í mars 2017 en á sama tíma lét kerfisstjóri af störfum í mars 2017 vegna aldurs.
- ✓ Með þessu er kominn góður gangur í þá hlið ofangreindra verkefna sem snúa að kjaradeild en mjög lítið hefur enn komið frá Applicon.

## **2. Efla Launavinnslu 1-2 stöðugildi**

**Verkefni 5: Yfirfara skráningar mánaðarins.**

**Verkefni 6: Yfirfara villu/dáلكalista**

**Verkefni 7: Aðstoð við notendur**

Kerfið er þungt í vöfum og notendur eru ekki sjálfbjarga. Þörf er á miklum stuðningi við notendur.

Villur sem notendur gera í ráðningar- og breytingaferli á stöðu starfsmanna hafa bein áhrif inn í launakerfið sem eykur villuhættu og skapar aukna vinnu fyrir launavinnsluna

Mannauðsdeild hefur starfrækt SAP síma fyrir notendaaðstoð tímabundið. Finna þarf varanlegt ferli fyrir þennan stuðning

**Verkefni 8: Ítarleg villuleit niður á einstaklinga, svið og kostnaðarstaði**

**Verkefni 9: Eftirfylgni launalista**

Launakerfi er mjög „viðkvæmt“ og villutíðni óásættanleg. Bæði er um að ræða kerfislegar villur og skráningarvillur.

Sjálfvirk gagnaprófun er mun lakari en í eldra kerfi og sumar aðgerðir eru þungar í sniðum.

Þeir villulistar sem kerfið býður upp á eru takmarkaðir og krefjast mannafla í yfirferð.

Launakerfið krefst tvískráninga sömu upplýsinga sem eykur mannaflaþörf og skapar villuhættu.

Takmörkun launakerfis á sívinnslu við viðverukerfi tefur launavinnslu og skapar villuhættu.

Til að lágmarka villur þarf að efla yfirlit og eftirlit með öllum skráningum mánaðar fyrir útborgun.

Einnig þarf viðbótareftirfylgni með athugasemdum launalista. Greina athugasemdir og yfirfara verkferli.

Staða verkefna 5-9:

- ✓ Nýr launafulltrúi hóf störf í maí.
- ✓ Nýr starfsmaður í vinnslustjórn hefur störf í júní
- ✓ Það hefur skapað vanda að frá áramótum hafa tveir til fjórir launafulltrúar verið í langvarandi veikindaleyfi. Ljóst er að einn af þeim verður í veikindaleyfi a.m.k. út árið.
- ✓ Fjölgun hefur því ekki gert annað en að halda í horfinu í vinnu kjaradeildar.

### 3. Skilgreining og kynning á þjónustu við notendur eftir ábyrgðarhlutum. Innleiðing á hlutverkinu Ofurnotandi sviðs

Ábyrgðaraðilar kerfishluta í mannauðs- og launakerfi hafa verið skilgreindir og ferlistig fyrir úrlausn vandamála/beiðna.

Til að tryggja það ferli þá þarf að innleiða hlutverk ofurnotenda hvers sviðs. Ávinningur af því er að svið verði meira sjálfbjarga í daglegri vinnslu og efla upplýsingaflæði.

Kerfishluti	Kerfismál	Mannauðshluti	Launakerfi	Launaáætlunakerfi
Aðgerðir	Aðgangsveiting Endurstilling lykilorða Uppsetning á kerfi Greiningar á launum Aðrar skýrslur - sérvinnslur á launagögnum	Auglýsingar Ráðning Umsækjendaskýrsla Mannauðsskýrslur	Launalistar Launavinnsla Launaskýrslur - staðlað	Undirbúningur launaáætlunar Launaáætlun vinnsla Launaáætlun innlestur
Hvert á stjórnandi að leita?	Kerfisstjórn - Kjaradeild	Mannauðsþjónusta viðkomandi sviðs	Launafulltrúi á kjaradeild fyrir viðkomandi starfsstað	Sérfræðingur launaáætlunar sviðs
Ferli vandamála	1) Kerfisstjórn - Kjaradeild	1) Mannauðsráðgjafi sviðs 2) Mannauðsráðgjafi Ráðhúsi 3) Kerfisstjórn - Kjaradeild	1) Launafulltrúi 2) Leiðtogi teymis 3) Vinnslustjórn 4) Kerfisstjórn - Kjaradeild	1) Sérfræðingur sviðs 2) Umsjónarmaður áætlunardeildar 3) Kerfisstjórn - Kjaradeild
Ábyrgð kerfishluta	Kerfisstjórn - Kjaradeild	Mannauðsdeild í Ráðhúsi	Kjaradeild	Áætlunardeild



Staða verkefna undir þessum lið:

- ✓ Ofurnotendur hafa verið skilgreindir og ferlið fyrir úrlausn vandamála fest í sessi.

#### 4. ML þjónustuborð

Innleitt verði þjónustuborð og beiðnakerfi til að halda utan um athugasemdir, villur, beiðni um úrbætur, leiðbeiningar/kennslu ásamt almennum beiðnum um upplýsingar og skýrslur.

Nú eru beiðnir að berast í tölvupóstum til margra aðila og yfirsýn skortir yfir vandamál og úrlausnir og eftirfylgni með svörum.

Staða verkefna undir þessum lið:

- ✓ ML þjónustuborð er í innleiðingu.

#### 5. Breytingastjórnun með fulltrúum hagsmunaaðila.

Einn fulltrúi frá hverju fagsviði borgarinnar verði tilnefndur ásamt fulltrúum kjaradeildar, mannauðsdeildar, áætlunardeildar og UTD í starfshóp um þróun mannauðs- og launkerfis.

Beiðnir sem hafa borist á þjónustuborð yfirfarnar og umfangsmetnar. Stærri beiðnir (>4 klst) lagðar fyrir starfshópinn (breytingaráð) sem forgangsraðar kröfum.

Staða verkefnis:

- ✓ Fulltrúar fagsviða hafa verið skilgreindir. Framundan er að gangsetja reglulega fundi og fyrirkomulag.

#### Heildarmat á stöðu innleiðingarinnar.

Aðgerðaáætlunin hefur þannig í heildina styrkt kjaradeild í innleiðingarverkefni deildarinnar þótt alvarleg veikindi starfsmanna hafi dregið úr áhrifunum, a.m.k. tímabundið.

Hitt blasir við að margvíslegar kerfisvillur eru að koma upp í **launakerfinu** í hverri einustu launakeyrslu sem kalla á mikla eftirlitsvinnu og lagfæringar hjá starfsmönnum kjaradeildar, jafnvel þannig að eftir að villa hefur verið lagfærð skömmu fyrir launakeyrslu kemur hún aftur upp skömmu síðar. Enn eru að koma upp alvarlegar villur í launakerfinu. Launakerfið er þannig enn mjög óáreiðanlegt og hefur Applicon ekki getað lagfært kerfið og gert það stöðugra.

Sama gildir um **launaáætlunarkerfið** sem enn hefur ekki verið tekið í notkun. Vankantar á áætlunarkerfi hafa reynst verulegir.

Sama gildir um **fræðsluferfið** sem enn hefur ekki verið tekið í notkun.

**Listasmiðjan** átti að gera stjórnendum og sérfræðingum kleift að búa til hvers kyns skýrslur úr mannauðs- og launakerfinu. Staðan er í reynd sú að þetta tól virðist alls ekki ráða við verkefnið.

Komi ekki fram lausnir hjá Applicon við þessum vandamálum hlýtur að koma til álita að leita til fyrirtækisins SAP um aðgerðir í málinu.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri

*Atli Atlason,*  
delidarstjóri kjaradeildar

